

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðuherra, 10. ágúst 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Skógræktarsjóð Húnavatnssýslu.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá bræðranna Einars Björnssonar, kaupmanns, Friðriks Björnssonar, læknis og Guðmundar M. Björnssonar, stórkaupmanns.

#### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er fasteignin Skólavörðustígur 25, Reykjavík og jörðin Fjósar í Bólstaðahreppi, A-Hún. að fasteignamati 1. des. 1983 samtals kr. 6 054 000,00.

Stofnfé þetta má aldrei skerða meira en svo að eftir verði minna en helmingur stofnfjárins.

#### 4. gr.

Verksvið sjóðsins er að rækta skóg í Húnavatnssýslu. Stjórn sjóðsins velur þá staði, sem teknir verða undir skógrækt.

#### 5. gr.

Til að vinna að markmiði sjóðsins er stjórn hans heimilt að kaupa lönd eða jarðir til skógræktar eða taka lönd á leigu til langs tíma í sama skyni eða selja fasteignir.

Nota má eignir sjóðsins til þess að girða og friða þau landsvæði, sem sjóðurinn tekur til skógræktar, svo og til annarra framkvæmda vegna skógræktar.

#### 6. gr.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt erfðaskrárákvörðun. Stjórnin færir reikninga sjóðsins. Reikningsár hans er almanaksárið. Endurskoðendur Skógræktarfélags Íslands endurskoða reikningana og skulu þeir árlega lagðir fram á aðalfundi félagsins, ásamt skýrslu um starfsemi sjóðsins.

Meðan kvaðir þær, sem um ræðir í 8. gr. hvíla á sjóðnum, skulu ársreikningar hans sendir yfirfjárráðanda í Reykjavík.

#### 7. gr.

Höfuðstól sjóðsins og arð af honum skal varðveita í fasteignum, tryggum verðbréfum, eða á þann hátt annan, sem stjórn hans telur öruggan, að því leyti sem honum er ekki varið til framkvæmda (sbr. 3. gr.).

Stjórn sjóðsins aflar honum annarra tekna eftir því sem unnt er á hverjum tíma.

#### 8. gr.

Sjóðurinn tekur á sig og stendur undir þeim kvöðum, sem lagðar hafa verið á stofnfé hans samkvæmt erfðaskrá þeirri, sem mælir fyrir um stofnun hans.